

Dagskrá aðalfundar Klappa grænna lausna 2. apríl 2020

1. Fundarsetning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar félagsins
4. Skýrsla um rekstur og ársreikningur félagsins fyrir árið 2019
5. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar eða taps félagsins á reikningsárinu
6. Tillögur um breytingará samþykktum félagsins. Fyrir liggur tillaga um endurnýjun á heimild stjórnar til aukningar hlutafjár um allt að 50 m.kr.
7. Kosning stjórnar félagsins
8. Kosning endurskoðanda félagsins
9. Þóknun stjórnarmanna
10. Önnur mál

Tillögur

a) Ársreikningur (liður 4).

Stjórn leggur til að ársreikningur fyrir árið 2019 verði samþykktur.

b) Ráðstöfun hagnaðar eða taps félagsins (liður 5).

Stjórn leggur til að tap félagsins verði fært til lækkunar á eigið fé félagsins. Ekki er heimild til arðgreiðslu.

c) Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins (liður 6).

Stjórn leggur fram eftirfarandi tillögu um endurnýjun á heimild til aukningar á hlutafé félagsins með því að grein 2.01.5 í samþykktum félagsins orðist svo:

Aðalfundur félagsins, haldinn þann 2. apríl 2020, samþykkir heimild stjórnar félagsins til að ákveða hækkun á hlutafé félagsins í B-flokki hlutabréfa um allt að kr. 50.000.000, (krónur fimmtíu milljónir) og gildir sú heimild í 18 mánuði frá samþykkt hluthafafundar.

Um hlutina gilda ákvæði samþykta félagsins eftir því sem við á. Hlutirnir veita rétt í félaginu þegar þeir hafa verið greiddir. Stjórn félagsins skal annast nánari útfærslu á hækuninni. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum til nýrra hluta.

d) Kosning stjórnar félagsins (liður 7).

Eftirfarandi framboð hafa borist í stjórn félagsins: Linda Björk Ólafsdóttir, Hildur Hauksdóttir, Hildur Jónsdóttir, Jón Björnsson og Stefán Eyjólfsson.

e) Kjör endurskoðanda (liður 8).

Stjórn leggur til við aðalfund félagsins að KPMG ehf. verði kjörið endurskoðandi félagsins.

f) Þóknun stjórnarmanna (liður 9).

Stjórn leggur til við aðalfund eftirfarandi tillögu um stjórnarlaun:

Hluthafafundur samþykkir að vegna starfsárs stjórnar félagsins frá aðalfundi 2020 til aðalfundar 2021, skulu stjórnarlaun ákveðin þannig að 50 þús.kr. greiðist hverjum stjórnarmanni fyrir hvern fund en þó skal að hámarki greiða fyrir tvo fundi í hverjum mánuði.

Stjórn Klappa grænna lausna hf.